

# VIÐAUKI VIÐ ÚTGÁFULÝSINGU

SKULDABRÉFA LJÓSLEIÐARANS EHF. (áður Gagnaveita Reykjavíkur ehf.) SEM GEFIN ERU ÚT Í KERFUM NASDAQ CSD ICELAND, SAMANBER ÚTGÁFULÝSING DAGS. 21. MAÍ 2021

## 1. Útgefandi skuldabréfanna

Viðauki þessi varðar óverðtryggð skuldabréf sem gefin eru út undir flokki sem auðkenndur er sem GR 010641, með ISIN kóðann IS0000033074 (hér eftir „skuldabréf“). Útgefandi skuldabréfanna er Ljósleiðarinn ehf. (áður Gagnaveita Reykjavíkur ehf.), kt. 691206-3780, með skráð aðsetur og höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík (hér eftir „útgefandinn“).

## 2. Breytingar á 2. kafla útgáfunnar „Upplýsingar um útgáfuna“

Í tengslum við nafnabreytingu útgefanda og breytingu yfir í grænt skuldabréf

### Upplýsingar um útgáfuna

Nafn útgáfunnar	ISIN kóði
LL 010641 GB	IS0000033074

Eftirfarandi liðir í viðauka við útgáfulýsingu undir lið „Viðauki I - skilmálar skuldabréfs“ taka eftirfarandi breytingum

- Liður 1:* Nafn félagsins verður Ljósleiðarinn ehf. í stað Gagnaveita Reykjavíkur ehf.
- Liður 4:* Auðkenni skuldabréfsins verður LL 010641 GB í stað GR 010641.
- Liður 7:* FISIN Kóði verður LJÓSLEIÐARINN/1,5 BD 20410601 í stað Gagnaveita Reyk/ 1,5 BD 20410526.
- Liður 50: „Tilgangur útgáfu“* verður eftirleiðis:

„Skuldabréfin eru gefin út sem „græn skuldabréf“ í þeim tilgangi að fjármagna grænar eignir (e. *Eligible Green Assets*) útgefanda í samræmi við umgjörð Orkuveitu Reykjavíkur (móðurfélag útgefanda) um græna fjármögnun (e. *Green Financing Framework*). Græna umgjörðin er birt á vefsíðu Orkuveitu Reykjavíkur [www.or.is](http://www.or.is) og vefsíðu útgefanda [www.ljosleidarinn.is](http://www.ljosleidarinn.is).“
- Nýr liður nr. 58: „Sérstök skilyrði“* bætist við og munu aðrir liðir hliðrast sem því nemur. Liður nr. 58 „Sérstök skilyrði“ verður eftirleiðis:

„Nýting fjármagns: Útgefandi skal nýta fjármagn sem hann mottækur vegna útgáfu skuldabréfanna til að fjármagna og endurfjármagna grænar eignir á efnahagsreikning fyrirtækisins, í samræmi við umgjörð Orkuveitu Reykjavíkur um græna fjármögnun“

„Sérstök endurskoðun: Óháður staðfestingaraðili skal staðfesta að minnsta kosti einu sinni á ári að útgefandi hafi nýtt fjármagn í samræmi við umgjörð Orkuveitu Reykjavíkur um græna fjármögnun“

- f. Liður 59: Nýtt ákvæði nr. 8 bætist við lið nr. 59 (áður liður 58) „Gjaldfellingarheimild“, viðbótarákvæði er eftirfarandi:

„8) Sérstök skilyrði. Ef útgefandi vanefnir sérstöku skilyrðin sem tilgreind eru í lið 58 hér að framan“

- g. Liður 68 (áður liður 67): „**Heimild**“ verður eftirleiðis: „Skuldabréfaútgáfa þessi var samþykkt á fundi stjórnar Ljósleiðarans ehf. þann 11. maí 2021 og 19. nóvember 2021.

- h. Eftirfarandi texti kemur í stað texta á eftir lið 68 og verður svohljóðandi:

„Skuldabréfin eru gefin út í þeim tilgangi að fjármagna og endurfjármagna grænar eignir á efnahagsreikning fyrirtækisins (e. Eligible Green Assets) í samræmi við græna fjármögnun umgjörð Orkuveitu Reykjavíkur (e. Green Financing Framework) móðurfélags útgefanda, sem finna má á vefsíðu Orkuveitu Reykjavíkur <https://www.or.is/fjarmal/fjarmognun/grauen-skuldabref/>. Heildstæðar upplýsingar um skuldabréfin fást með því að skoða saman útgáfulýsingu skuldabréfaflokksins, græna fjármögnun umgjörð Orkuveitu Reykjavíkur, álit úttektaaðila (Cicero's Second Opinion) og skilmála þessa. Fyrirgreind skjöl og önnur lykilskjöl verða aðgengileg á vefsíðu útgefanda [www.ljosleidarinn.is](http://www.ljosleidarinn.is)“

## 2. Upplýsingar um þá sem annast viðauka við útgáfulýsingu

Nöfn, sími og netföng þeirra sem annast viðauka við útgáfulýsingu útgefanda

Nafn:	Símanr.:	Netfang:
Ásgeir Westergren	617-6319	asgeir.westergren@or.is
Brynja Kolbún Pétursdóttir	617-6318	brynja.kolbrun.petursdottir@or.is

Nöfn, sími og netföng starfsmanna þeirra reikningsstofnunnar sem annast útgáfulýsinguna.

Nafn:	Símanr.:	Netfang:
Björn Hákonarson	832-4454	bjorn.hakonarson@landsbankinn.is
Sigrún Guðnadóttir	821-8281	sigrun.gudnadottir@landsbankinn.is

Staðfesting viðauka við útgáfulýsingu

Reykjavík, 8. desember 2021

F.h. útgefanda:

F.h. reikningsstofnunarinnar:

---

---

## Undirritunarsíða

f.h. Ljósleiðarans ehf.  
Erling Freyr Guðmundsson

f.h. Landsbankans hf.  
Sigurður Kári Tryggvason